

## 5. fundur umhverfisnefndar

8. apríl 2024 kl. 12.50

Mættir: Arnar Marinó, Bergrós Viðja, Reynir Snær, Aron Sölvi, Sara Margrét, Ingibjörg Elva, Valgarður, Marteinn Bóas, Veronika, Íris, Sigga Lára, Eyrún, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Vegna veðurs náðist ekki að vera með morgunvarðeld á meðan enn var myrkur.
- Það gleymdist að vera með matarvigtun í mars en tókum hana í apríl 15. - 19. apríl. Áhersla á að ekki má vera með pressu á bekkjarfélaga um að leyfa ekki ef einhver getur ekki borðað meira. Bekkir saman.
- Dagur umhverfisins verður í Heiðarskóla föstudaginn 26. apríl. Í ár er ráðstefna í Heiðarskóla.
  - Verið er að finna fyrirlesara frá Ungum umhverfissinum.
  - Nefndin kynnr eitthvað verkefni. Hugmynd að kynna skógræktina okkar fyrir aftan skólann. Önnur hugmynd að skoða óskilamuni í skólanum og gera verðkönnun á því hvað þau kosta – hversu mikið af verðmætum er hér í skólanum sem enginn vitjar. Ákveðið að vera með kynningu á verðmætum óskilamuna.
  - Eftir ráðstefnuna fara allir út að tína rusl í okkar nánasta umhverfi. Unglingar með ánni, miðstig stærri radíus í kringum skólann og yngsta stig hreinsar skólalóðina.
  - Grillpinnar í hádegismat og borðað úti.
- Rætt um verkefni á Survivor, umhverfisteymi fer í að skoða hvað búið er að gera og koma með hugmyndir að verkefnum. Umræða um verkefnið þar sem búin voru til skýli og þá voru ekki stöðvar.
- Sagt frá þemavinnu í næstu viku sem er Fjölmeningaþema. Þemavinna verður frá kl 9.20-11.50. Kynna matarvenjur, tónlist, fána, tungumál, frægt fólk og fleira sem er einkennandi fyrir landið. Á föstudeginum verður kynning fyrir foreldra og þá væri gaman að hafa einhvern mat til að smakka.

Fundi slitið 13.20

Þórdís